



Fundargerð

213. fundur stjórnar HEF ehf. haldinn á Hótel Héraði, miðvikudaginn 21. september 2016 kl. 12:00

Mættir eru: Gunnar Jónsson, Sigríður Sigmundsdóttir, Þorvaldur P. Hjarðar, og Guðmundur Davíðsson framkvæmdastjóri.

Af aðalmönnum er fjarverandi: Gunnhildur Ingvarsdóttir, Skúli Björnsson og Karl Lauritzson

Dagskrá:

1. Skógarorka ehf.
2. Innkomin erindi
3. Útboðsverk
4. Skýrsla framkvæmdastjóra
5. Önnur mál

Gengið til dagskrár kl. 12:05

Gunnar Jónsson formaður stýrði fundi.

1. Skógarorka ehf.

Formaður og framkvæmdastjóri greindu frá fundi með umhverfisráðherra og formanni Landsambands skógarbænda.

Málið unnið áfram.

2. Innkomin erindi

Erindi frá Jóni Steinari Mýrdal hjá Austurbrú.

Vegna verkefnisins „Uppbygging á innviðum fyrir rafmagnsbíla á Austurlandi“ til að koma upp hleðslustöðvum á Austurlandi.

Stefnt að því að Jón mæti á næsta fund til að kynna verkefnið.

3. Útboðsverk

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umtalsverðum breytingum á veitulögnum í Tjarnarbraut, sem nýverið er búið að semja um við Austurverk ehf., málið er í vinnslu.



Áætlað er að bjóða út vatnslögn og ljósleiðaralögn frá Smiðjuseli að Barra í október mánuði.

4. Skýrsla framkvæmdastjóra

- a) Tenging stofnlagnar, Urriðavatn – Barri, þann 11. september sl. gekk afar vel og vill stjórn HEF þakka öllum hlutaðeigendum fyrir vel unnin störf. Tengingin er lokaáfangi hitaveitunnar í endurnýjun stofnlagnar frá Urriðarvatni að dæluhúsi við Tjarnarbraut.
- b) Framkvæmdastjóri lagði fram bréf sem sent verður til notenda gömlu Eyvindararveitunnar, varðandi gjaldskrár hækkunar, eftir þetta verða allir notendur HEF í dreifbýli með sömu gjaldskrá.
- c) Vinna við 8 mánaða uppgjör, stefnt á að vera með drög að uppgjöri á næsta stjórnarfundum.
- d) Unnið hefur verið við samræmingu ráðningasamninga starfsmanna hjá HEF.

5. Önnur mál

Framlögð gögn:

- a) Ákveðið var á síðasta fundi HEF að styrkja listaverk um afrek Vilhjálms Einarssonar á Ólympíuleikunum í Melbourne í Ástralíu, um kr. 150.000, listaverkið kemur til með að standa við Vilhjálmsvöll.

Næsti fundur boðaður með dagskrá.

Fundargerðin upplesin, samþykkt og fundi slitið kl. 13.50.

Fundargerð ritaði Sigríður Sigmundardóttir